

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Vogalax hf., Vogum, Vatnsleysuströnd.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu 2 600 000 sjógönguseiða (40—60 gramma) eða um 120 tonna ársframleiðslu seiða. Ennfremur til aðstöðu til hafbeitar.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar Suðurnesja.
- 1.4. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa og annars hreinsibúnaðar skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar. Varðandi annan hreinsibúnað skal einnig hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins.
- 1.5. Þegar framkvæmdum lýkur skal girða lóð fyrirtækisins af. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur.
- 1.6. Um umgengnisreglur, sóttgreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. Slátrun á hafbeitarfiski skal fara skv. X. kafla sömu reglugerðar.
- 1.7. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.8. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrlegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.
- 1.9. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Ákvæði vegna hafbeitar.

- 2.1. Allt frárennsli frá eldiskerjum skal leitt út fyrir stórstraumsfjöruborð. Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna móttöku á endurheimtum laxi er þó heimilt að nýta frárennsli ofan stórstraumsfjöru og hleypa því í þar til gerða móttöku, enda er hún innan athafnarsvæðis stöðvarinnar. Þetta ákvæði veitir takmarkaða undanþágu frá 61. grein heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.
- 2.2. Leiðsla niður fyrir stórstraumsfjöruborð skal vera þannig staðsett að tryggð sé eðlileg blöndun frárennslis í umhverfinu og ekki sé hættu á uppsöfnun úrgangsefna.
- 2.3. Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur og gerð móttökunnar og frárennslisins sé þannig að ekki sjáist:
 - a) Set eða útfellingar.
 - b) Þekjur af rotverum.
 Ennfremur að ekki berist með frárennslinu í opna móttöku: sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valdi óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smíthættu. Óheimilt er að leiða annað frárennsli en það sem kemur frá eldiskerjum þessa leið.
- 2.4. Stöðinni er skylt að sjá um að frárennslisleiðsla frá fiskeldiskerjum sé sem næst móttökunni þannig að komið verði í veg fyrir opnar rásir.

3. Ákvæði vegna mengunar.

- 3.1. Stækkun samkvæmt langtímaáætlun skal tilkynna áður en framkvæmdir hefjast. Þar skulu koma fram tillögur að endanlegum frágangi frárennslis.
- 3.2. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennslisli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 3.3. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan niður fyrir stórstraumsfjörumörk.
- 3.4. Ef stöðin kemur upp aðstöðu til slátrunar og aðgerðar á eldis- og hafbeitarfiski ber stöðinni að fara með úrgang og frárennslisli frá þeirri aðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

4. Ákvæði vegna gjaldskrár og gildistöku.

- 4.1. Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985, skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjald og flokkast stöðin í 3. flokk samkvæmt gildandi gjaldskrá. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.
- 4.2. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194, 7. apríl 1983, um hagræðingar- og framkvæmdalán til fyrirtækja í sjávarútvegi.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir málslíðar er orðist svo:
Ársvextir skulu vera 6% frá 1. maí til 1. nóvember 1988. Að loknu því tímabili ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársvextina.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 10, 27. mars 1984, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. apríl 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Kristján Skarphéðinsson.